



FANGELISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Umboðsmaður Alþingis

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

5. september 2023
2210042

Vegna skýrslu umboðsmanns Alþingis um heimsókn í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og Siglufirði þann 23. og 25. maí sl. vill Fangelsismálastofnun koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. fullnustulaga nr. 15/2016 er sá vistaður í fangelsi sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu físekta eða sætir gæsluvarðhaldi. Samkvæmt 4. mgr. er heimilt, ef aðstæður leyfa að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í athugasemdum við greinina segir að sérstakar aðstæður geti t.d. verið þegar margir sakborningar í sama máli eru hnepptir í gæsluvarðhald o.s.frv. Þá geti það verið hagfellt að hafa gæsluvarðhaldsfanga stutt frá rannsakendum í ákveðinn tíma vegna yfirheyrslna. Þá hafi plássleysi í fangelsum ríkisins á síðustu árum valdið því að grípa hafi þurft til þess að vista fanga á lögreglustöð um skamman tíma.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 240/2018 um fullnustu refsinga skal rannsóknaraðili, ef því verður við komið tilkynna starfsmönnum viðkomandi fangelsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga. Þegar í fangelsið er komið skal afhenda starfsmanni fangelsis staðfest endurrit af gæsluvarðhaldsúrskurði eða yfirlýsingum dómara um úrskurðinn. Jafnframt skal afhenda vistunarseðil, sem sá sem stýrir rannsókn gefur út. Þegar starfsmaður fangelsis hefur sannreynt að fangi skuli settur í gæsluvarðhald skal afhenda honum persónulega muni og líkamsleit gerð, skv. 21. gr.

Fangelsisyfirvöld koma ekki að málum fyrr en fyrir liggur að viðkomandi aðili hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Stundum hefur lögreglan samband við starfsmenn á Hólmsheiði og lætur vita að til standi að fara með mann fyrir dómara í því skyni að fá hann úrskurðaðan í gæsluvarðhald og getur fangelsið þar með undirbúið komu hans með einhverjum fyrirvara. Í einhverjum tilvikum er það hins vegar ekki gert og lögreglan mætir beint með mann á Hólmsheiði eftir að búið er að úrskurða hann í gæsluvarðhald. Hvort heldur sem er taka starfsmenn á Hólmsheiði á móti viðkomandi í samræmi við lög og

reglugerð. Frá því að fangelsinu á Akureyri var lokað hefur ekki komið upp tilvik þar sem Hólmsheiði hefur þurft að vísa gæsluvarðhaldsföngum frá, þ.e. hefur ekki getað tekið við þeim sökum plássleysis. Hafi einstaklingar verið vistaðir í fangageymslu löggreglu um stund hefur það því alfarið verið ákvörðun viðkomandi löggregluembættis, væntanlega vegna skýrslutöku, ófærðar í bæinn o.s.frv.

Í skýrslunni segir að ákveðin rök hnigi að því að Fangelsismálastofnun fari með ákvörðunartöku um vistunarstað gæsluvarðhaldsfanga. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. fullnustulaga ákveður Fangelsismálastofnun í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram og skv. 2. mgr. 96. gr. gildir það ákvæði eftir sem við getur átt einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiði ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert að sæta á grundvelli laga um meðferð sakamála.

Allir þeir sem eru úrskurðaðir í gæsluvarðhaldseinangrun eru vistaðir á Hólmsheiði. Ef um er að ræða s.k. lausagæslu, þ.e. gæsluvarðhald án takmarkana geta menn í raun vistast í hvaða fangelsi sem er. Ef um er að ræða gæsluvarðhald með einhverjum takmörkunum öðrum en einangrun eru menn yfirleitt vistaðir í lokuðu fangelsi enda erfitt að tryggja þær takmarkanir í opnu fangelsunum, s.s. símabann og fjölmíðlabann.

Meginreglan er því að gæsluvarðhaldsfangar vistist í fangelsum en í ákveðnum tilvikum er heimilt að vista þá í fangageymslu löggreglu um tiltekinn tíma, sbr. það sem að framan greinir. Ekki er um að ræða ákvörðun fangelsisyfirvalda um slíka vistun en vegna plássleysis í fangelsunum geta komið upp tilvik þar sem ómögulegt er að taka á móti gæsluvarðhaldsföngum á tilteknunum tíma. Áður fyrr þegar menn voru vistaðir í gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu og á Litla-Hrauni komu stundum upp tilvik þar sem ekki var unnt að taka á móti gæsluvarðhaldsföngum strax við upphaf gæsluvarðhaldsins, þ.e. vegna plássleysis en eftir að Hólmsheiði var tekin í notkun hefur ávallt verið unnt að taka á móti þeim þegar löggregla hefur óskað þess. Viðkomandi löggregluembætti sér þá um að flytja gæsluvarðhaldsfanga í fangelsi, sbr. 20. gr. reglugerðar um fullnustu refsinga.

Fangelsismálastofnun vill taka fram að góð samvinna er á milli fangelsisyfirvalda og löggregluembætta landsins og er áhersla lögð á að þessi mál gangi eins vel fyrir sig og unnt er. Með tilkomu Hólmsheiðarfangelsis, sem býður upp á mikinn sveigjanleika þegar kemur að gæsluvarðhaldsplássum ætti nánast undantekningalaus að vera hægt að vista menn sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald þar. Ætti slíkt við jafnvel þótt um stór sakamál væri að ræða með marga sakborninga en fangelsið var m.a. hannað með það í huga að hægt væri að nýta almenna klefa fyrir bæði venjulega afplánun sem og gæsluvarðhaldseinangrun.

